

**Nd.**

**202. Nefndarálit**

**[143. mál]**

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 4. minni hl. iðnaðarnefndar.

Hér er um að ræða áfanga í samningagerð núverandi ríkisstjórnar við fjölbjóðafyrirtækið Swiss Aluminium Ltd., Alusuisse. Samningum er alls ekki lokið og mikilvægur þáttur þeirra bíður enn umfjöllunar þar sem eru skattamálin.

Sú leynd, sem hvílt hefur yfir samningagerð þessari, og sá skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu, sem hefur ríkt allan samningstímann, eru mjög gagnrýniverð.

Við undirbúning þessa samnings hefði verið eðlilegt og réttlátt að fulltrúar allra stjórnarmálasamtaka, sem sæti eiga á Alþingi, hefðu verið hafðir með í ráðum, ekki síst þar sem hér er um að ræða mál sem snertir svo mjög hag allra landsmanna. Þess í stað er samningurinn fyrst sýndur Alþingi þegar hann er fullfrágenginn og undirritaður og engin leið að hafa þar áhrif til breytinga. Þó kastar fyrst tólfunum þegar gjaldmælir er settur á þingmenn og þeim sagt að hver dagur, sem líði frá undirritun samningsins, kosti Landsvirkjun um 400 000 kr. Er þá alúð og samviskusemi þingmanna í jafnmikilvægu máli orðin Íslendingum dýrkeypt.

Það sem einkennt hefur alla samningagerð milli Íslendinga og Alusuisse á liðnum árum setur einnig sterkan og afgerandi svip á þennan síðasta samningsáfanga sem nú bíður samþykkis Alþingis. Enn sem fyrr hefur Alusuisse tekist að ná þeim undirtökum sem það virðist hafa í hverri samningalotu og hefur sveigt samningagerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Það er ekki ofsögum sagt af Alusuisse að

það sé erfiður samningsaðili og er með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli hafa skrifað undir það að taka þátt í samningaviðræðum við fyrirtækið í framtíðinni „í góðri trú“ eins og segir í samningnum.

Ýmis ákvæði samningsins lúta fyrst og fremst að því að treysta stöðu Alusuisse og greiða götu þess án þess að tekist hafi að gæta íslenskra hagsmuna í sama mæli. Má þar t. d. nefna ákvæði um breyttar afskriftareglur svo og rýmkun á rétti ÍSALS til að leggja fé í varasjóð til að sleppa við skattlagningu.

Sömmuleiðis gefst mjög lítið svigrúm til endurskoðunar á reikningum ÍSALS og engin ákvæði eru í samningnum sem veita aðgang að bókhaldi Alusuisse eins og nauðsynlegt gæti orðið vegna tengsla þessara tveggja fyrirtækja.

Auk þessara ívilnana hefur Alusuisse tekist að ná þeirri stöðu í samningsmálunum sem kann að verða Íslendingum afdrifarík. Fyrirtækinu hefur tekist að kljúfa tvö nátengd atriði þessa máls í aðskilda þætti sem samið verði um hvorn í sínu lagi og er hér átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ. e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins.

Með því að fallast á hækkun á raforkuverði hafa Alusuisse og ÍSAL fengið gefnar upp sakir og hreint siðgæðisvottorð þar sem ríkisstjórnin „leysir þau hér með frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast“. Syndakvittun þessari fylgir svo greiðsla frá Ausuisse upp á 3 millj. dollara.

Það ber að fagna því að einhver árangur hefur náðst í því að leiðrétta hið allt of lága raforkuverð sem viðgengist hefur í viðskiptum við Alusuisse hingað til. Þó er því ekki að heilsa að meðalsöluverð orkunnar til Alusuisse muni fyrirsjáanlega ná kostnaðarverði hennar í núverandi virkjanakerfi landsins. Jafnframt er þessi hækkun of dýru verði keypt þar sem fórn að hefur verið einni sterkustu málsástæðu okkar til leiðréttingar á skattamálum. Þau mál lágu fyrir gerðardómi og var staða okkar þar talin sigurstrangleg en málflutningi að mestu lokið og stutt í dómsúrskurð. Nú stöndum við mun verr að vígi hvað snertir skattamálin. Þeim þætti, sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga, hefur verið afsalað og samið hefur verið um raforkuverðið án tillits til skattamála.

Í ofanálag hefur svo verið fellt niður ákvæði í gr. 2.03 (c) í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALS um að Alusuisse eigi að leitast við að „ tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru“. Er Alusuisse þarna gert einrátt um verð á aðföngum til ÍSALS og tekið upp í staðinn ákvæði „um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli ólíkra aðila“ eins og segir í grein 27.03 í aðalsamningi.

Er þarna gengið þvert á hagsmuni Íslendinga. Við ákvörðun söluverðs raforkunnar er miðað við meðalverð í heiminum, bæði milli skyldra og óskyldra aðila. Sú ráðstöfun verður að teljast í ósamræmi við það ákvæði sem gildir um kaup á aðföngum en þar gildir nú ákvæði um viðskipti milli óskyldra aðila eins og áður segir. Þykir eðlilegt að sami háttur sé hafður á um kaup á aðföngum og kaup á raforku.

Enn fremur verður að teljast furðulegt að það raforkuverð, sem um er samið, skuli vera óverðtryggt. Þó er fyrirsjáanleg verðbólga í alþjóðlegu efnahagslífi áætluð um 5% á ári. Því má búast við að raungildi bandaríkjadollars minnki um 5% á ári. Það leiðir svo aftur til þess að raungildi umsamins raforkuverðs til ÍSALS nær efri mörkum sínum, eða 18,5 millum á kwst. eftir u. þ. b. 5 ár og fer síðan lækandi. Trygging raforkuverðsins er því engin þegar til lengri tíma er lítið.

Jafnframt er söluverð raforkunnar tengt heimsmarkaðsverði á áli sem gerir það enn ótryggara og háðara sveiflum.

Með því að sækja svo ákaft eftir hækkun raforkuverði sem meginárangri í samninga-gerð án nægilegs tillits til annarra þátta þykir Samtökum um kvennalista að sjónarmið

stundargróða hafi verið látin ráða fremur en að leitast hafi verið við að styrkja stöðu Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse til frambúðar.

Nú hefur málið verið klofið og við sitjum eftir með skattamálin óleyst og nánast enga viðspyrnu. Þau endurskoðunarákvæði, sem í samningnum eru, telja sumir verri en engin þar sem þau leyfa einungis endurskoðun á 5 ára fresti og einungis ef um er að ræða „ófyrirsjáanlega breytingu til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á“.

Ef endurskoðun fæst skulu aðilar „eiga með sér samningaviðræður í góðri trú og reyna að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum“.

Ef það næst ekki er heimilt að vísa málinu til gerðardóms, en þess er skemmst að minnast að núverandi ríkisstjórn þótti slíkt ekki fýsilegur kostur á s. l. hausti.

Samtökum um kvennalista þykja þessi endurskoðunarákvæði óljós, einkum hvað varðar efnisástæður sem leiða mættu til endurskoðunar. Enn fremur að ótryggt og langsótt gæti orðið fyrir Íslendinga að leita réttar síns eftir þessum ákvæðum.

Fyrirætlanir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík með forkaupsrétti Alusuisse að orku úr nýjum virkjunum eru ekki vænlegar þegar lítið er til fyrri viðskipta okkar við þetta fyrirtæki. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé æskilegt fyrir Íslendinga að verða enn þá háðari fyrirtækinu um orkunýtingu hér á landi en þegar er orðið né að takast muni að semja um að það kaupir orkuna á því verði sem kostar að framleiða hana. Enn fremur hafa Samtök um kvennalista frá upphafi bent á að stóriðja er ekki fýsilegur atvinnukostur fyrir Íslendinga og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík þá ekki heldur. Reynsla okkar hefur sýnt að stóriðja er lítið atvinnuskapandi miðað við þann mikla fjármagnskostnað sem henni fylgir. Við hana eru einungis bundin mjög fá en óheyrilega dýr störf og gildir það ekki síst um þá stóriðju sem hér um ræðir, þ. e. álbræðslu, auk þess sem henni fylgir mengun af ýmsu tagi.

Í heildina tekið er þessi samningur ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. óviðunandi og því leggja Samtök um kvennalista til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 27. nóv. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir.